

# AÐALFUNDUR 2022

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

## AFHENDING HVATNINGARSTYRKJA

Hvatningarstyrkir til frumkvöðla í hjúkrun á Íslandi að upphæð 500.000 krónur hver hljóta hjúkrunarfræðingarnir:

**Katrín Ösp Jónsdóttir** er sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðingur hjá Heilsu og sálfræðiþjónustunni á Akureyri. Hún hefur unnið ótullega að því að koma málefni samúðarþreytu í umræðuna. Mikil vinna er fram undan í þeim málum. Katrín Ösp er nú mastersnámi, þar er hún m.a. að skrifa um áföll í starfi hjúkrunarfræðinga.

**Margrét Guðnadóttir** er verkefnastjóri SELMA, sérhæft öldrunarteymi hjúkrunarfræðinga og Læknavaktarinnar sem tók til starfa hjá heimahjúkrun Reykjavíkurborgar árið 2020. Margrét hefur einstaka sýn á verkefnið, markmið þess og þróunarmöguleika með hag aldraðra í heimahúsum að leiðarljósi.

**Atli Már Markússon** hefur staðið fyrir námskeiði, kennslu og þjálfun fyrir hjúkrunarfræðinga sem vilja starfa í sjúkrahúsum. Atli Már hefur gífurlegan metnað fyrir því að bæta þjónustu við sjúklinga utan sjúkrahúsa.

**Stefanía Birna Arnardóttir** starfar í Geðheilsumiðstöð barna og hefur verið í hópi frumkvöðla sem hafa vakið athygli á nauðsyn snemmtækrar íhlutunar þegar foreldrar með geðrænan vanda eiga von á barni. Stefanía Birna vinnur nú innan heilsugæslunnar þar sem foreldrum og ungbörnum er sinnt út frá tengslakenningum.

**Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir** er kennslu- og þjálfunarstjóri á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Hún hefur unnið ótullega að því að byggja upp hermisetur á sjúkrahúsinu og sett metnað í að skipuleggja sérhæfð námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga og annað starfsfólk. Hrafnhildur Lilja er einnig virk í alþjóðlegu samstarfi, þar á meðal við eflingu á námi í sjúkraflutningum.